

**Sþ.**

**17. Fyrirspurnir.**

[14. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um raforkumál á Snæfellsnesi.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Hvað veldur því, að raforka hefur verið ótryggari, spennufall algengara og tjón af því meira en fyrr á Snæfellsnesi eftir að nesið var tengt við raforkukerfi Suðvesturlands?
2. Er hægt að bæta úr þessu fljótlega til að forðast vandræði á komandi vetri?

II. Til viðskiptaráðherra varðandi verðlagsbrot í útreikningi ákvæðisvinnu í byggingariðnaði.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til þess að tryggja og auðvelda húsbýggjendum að fá endurgreiddar þær fjárhæðir, sem verðlagsráð hefur nýlega upplýst að óleyfilega hafi verið af þeim hafðar með röngum útreikningum á launatengdum gjöldum vegna ákvæðisvinnu iðnmeistara?
2. Verða gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir af hálfu verðlagsyfirvalda til þess að tryggja betur en gert hefur verið að alvarleg verðlagsbrot af þessu tagi eigi sér ekki stað?